

Reikningsskila- og upplýsinganefnd

Lífeyrisskuldbindingar

o-O-o

Reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Álit 2/2013
Mars 2013



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Hagstofa Íslands



Lífeyrisskuldbindingar. Umfjöllun um útreikning skuldaviðmiðs

Forsaga

Þann 1. janúar 2012 tóku gildi sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. VII. kafli laganna fjallar um fjármál sveitarfélaga. Í kaflanum eru nokkrar umtalsverðar breytingar og nýmæli frá fyrri lögum. Nú er í lögum getið um skyldu sveitarfélaga til að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi jafnvægi í rekstri og um hlutfall skulda af heildartekjum. Á grundvelli 64. gr. laganna var reglugerð nr. 502/2012 sett en hún skilgreinir nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar útreikninga á skuldahlutfalli og skuldaviðmiði. Í 2. tl. 14. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að draga skuli núvirði

Efnisleg umfjöllun

Í 64. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Greinin hljóðar svo í heild sinni: „Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og

2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, kuldir og skuldbindingar og aðlögun

lífeyrisskuldbindinga, sem ætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár og síðar, frá heildarskuldum og skuldbindingum. Í ljósi þessa hefur reikningsskila- og upplýsinganefnd unnið álit þar sem kemur fram hvernig fara skuli með lífeyrisskuldbindingar varðandi útreikninga á skuldaviðmiði og hvað skuli koma fram í skýringum með ársreikningi vegna þessara útreikninga. Þetta er gert á grundvelli 2.mgr. 75. gr. laga nr. 138/2011, en samkvæmt henni getur nefndin gefið út leiðbeiningar og álit um bókhald, fjárhagsáætlanir og reikningsskil sveitarfélaga.

sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar kuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.“

Á grundvelli þessarar lagagreinar var gefin út reglugerð nr. 502/2012, um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Í 6. gr. hennar eru markmið með lagasetningunni ítrekuð. Það er um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri með því að framfylgja jafnvægisreglu og skuldareglu. Í 14. gr. reglugerðarinnar er þetta tilgreint nánar hvað varðar skuldaviðmiðið:

„Lífeyrisskuldbindingar. Draga skal frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirði vegna greiðslu lífeyris næstu 15 árin og síðar.“

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar eru reiknaðar út á hverju ári og birtar í ársreikningum sveitarfélaga.

Í fyrsta lagi skal koma fram hverjar skuldbindingarnar eru næstu 15 árin og í öðru lagi hverjar þær eru árin þar á eftir. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar koma til útreiknings við skuldahlutfall, en við útreikning á skuldaviðmiði er aðeins miðað við skuldbindingar næstu 15 ára. Lífeyrisskuldbindingar skulu birtar í skýringum fyrir hvert fimm ára tímabil og síðan ein samtala fyrir lífeyrisskuldbindingar eftir það. Reiknuð hækkun ársins á lífeyrisskuldbindingum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til

Niðurstaða

Það er álit reikningsskila- og upplýsinganefndar að í skýringum með ársreikningum sé æskilegt að hafa tvær töflur sem sýna stöðu lífeyrisskuldbindinga. Fyrri taflan skal sýna stöðu þeirra í upphafi árs, breytingar lífeyrisskuldbindinga á árinu og stöðu þeirra í lok árs. Seinni taflan sýnir áfallnar og núvirtar

lækkunar á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins.

Skýringar gætu litið svona út:

	A og B	
<u>Lífeyrisskuldbindingar</u>	A hluti	hluti
Lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun 2012	xx kr.	xx kr.
Reiknuð breyting á árinu	+/-xx kr.	+/-xx kr.
Greitt á árinu	-xx kr.	-xx kr.
Lífeyrisskuldbindingar í árslok 2012	<u>„100 kr.“</u>	<u>„100 kr.“</u> *)
<hr/>		
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindinga (næsta ár)	xx kr.	xx kr.
Langtímahluti lífeyrisskuldbindinga	xx kr.	xx kr.
Lífeyrisskuldbindingar í árslok 2012	<u>„100 kr.“</u>	<u>„100 kr.“</u> *)
<hr/>		
Til greiðslu árin 2013-2017	xx kr.	xx kr.
Til greiðslu árin 2018-2022	xx kr.	xx kr.
Til greiðslu árin 2023-2027	xx kr.	xx kr.
	<u>xx kr.</u>	<u>xx kr.</u>
<hr/>		
Til greiðslu árin 2028 og síðar	xx kr.	xx kr.
Lífeyrisskuldbindingar til greiðslu samtals	<u>„100 kr.“</u>	<u>„100 kr.“</u> *)

*) Er sama upphæðin

lífeyrisskuldbindingar fyrir þrjú fimm ára tímabil sem samtals ná yfir næstu 15 ár. Síðan komi samtala þeirra tímabila og þá lífeyrisskuldbindingar eftir það.

Að lokum komi fram upplýsingar um samtölu heildarlífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins.